

Viðbrögð Slys, slysaskráningar, tilkynningar

Starfsmenn skulu ávallt hafa að leiðarljósi í vinnu sinni að tryggja öryggi barnanna með ábyrgum starfsháttum og vinnubrögðum. Mikilvægt er að tryggja eins góða yfirsýn yfir barnahópinn og kostur er hverju sinni.

Verði barn fyrir slysi á dvalartíma þess í leikskólanum skal eftirfarandi vinniferli fara í gang

- ✚ Starfsmaður sem er með barnið skal sækja aðstoð og tryggja umsjón með öðrum börnum ef hann er með hóp
- ✚ Starfsmaður skal meta aðstæður í rólegheitum og gæta þess eftir fremsta megni að vekja ekki óþarfa hræðslu eða ótta annarra barna eða starfsmanna
- ✚ Ef fara þarf með barnið til aðhlynningar á slysadeild / tannlæknis skal hafa samband við foreldra og biðja þá um að koma til móts við barn og starfsmann
- ✚ Ef um minniháttar slys / óhöpp er að ræða skulu foreldrar upplýstir um það eins og kostur er. Það getur komið fyrir að enginn verði vitni að slíku atviki og þá þarf að láta foreldra vita af því líka.
- ✚ Þegar allt er um garð gengið skla viðkomandi starfsmaður fylla út þar til gert eyðublað vegna slysa / óhappa (slysaskráning)
- ✚ Leikskólastjóri og / eða deildarstjórar skulu upplýstir um slys / óhöpp sem verða í leikskólanum/ deildum
- ✚ Leikskólastjóri ber ábyrgð á að fylla út tilkynningu til tryggingarfélags ef um bótaskyld slys / óhöpp er að ræða. Á það sérstaklega við um meiðsli á munni / tönnum en getur líka átt við önnur slys.

Verði starfsmaður fyrir slysi eða óhappi á vinnutíma í leikskólanum skal hann skrá það á þar til gert eyðublað í samráði við leikskólastjóra / aðstoðarleikskólastjóra. Nauðsynlegt er að hafa allar slíkar skráningar ef til bótaskyldu kemur.

Mappa með skráningarblöðum er í skáp hjá leikskólastjóra

Meirháttar slys og útkall sjúkrabíls

Verði barn eða starfsmaður fyrir meiriháttar slysi í leikskólanum fer eftirfarandi ferli í gang

- ✚ Leikskólastjóri / aðstoðarleikskólastjóri sjá um að hafa samband við **neyðarlínu 112** og gefa nauðsynlegar upplýsingar. Þeir fara síðan á vettvang slyss
- ✚ Rýma þarf slysasvæði og hlúa að hinum slasaða. Ekki eiga fleiri að vera þar en nauðsyn ber til
- ✚ Mikilvægt að starfsmenn leikskólans haldi jafnvægi og dragi úr ótta og hræðslu barna
- ✚ Þegar hinn slasaði er farinn úr leikskólanum skulu leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar fara um skólann og veita nauðsynlegustu upplýsingar til að róa starfsfólk / börn
- ✚ Næstu daga á eftir skal leikskólastjóri upplýsa starfsfólk eins og kostur og þörf er á um stöðu mála og líðan þess sem slasaðist
- ✚ Leikskólastjóri er sá aðili sem ræðir við fréttamenn eða aðra utanaðkomandi aðila sem hafa samband við leikskólann í slíkum tilfellum

Lykilatriði í viðbrögðum er að

- halda ró sinni og yfirvegum
- koma börnunum frá því sem gerðist
- einungis þeir starfsmenn sem nauðsynlega þurfa að vera á vettvangi séu það
- aðrir starfsmenn sinni sínum störfum og haldi utan um barnahópinn.